

- 5.2. Skrá skal greinilega og varanlega leyfilegan hámarksþunga á bómur og krana.
- 5.3. Bremsum og tengi á vindum skal haldið vel við, svo að vindan gefi ekki eftir undan átaki.

## 6. gr.

## 6.0.0. Kælivélar.

- 6.1. Ekki má hafa opinn eld eða heita hluti í klefum, þar sem kælivélakerfið er. Gæta skal fyllstu varúðar með allan kælimiðil.

## 7. gr.

## 7.0.0. Hylki fyrir þjappaðar lofttegundir.

- 7.1. Hylki, er geyma þjappaðar lofttegundir, skulu uppfylla viðurkennd öryggis-ákvæði, svo og geymslustaðir.
- 7.2. Vel skal verja lagnir, þrýstijafnara og ventla.
- 7.3. Þegar hylkin eru ekki í notkun, skal þess gætt, að þau séu örugglega lokuð.
- 7.4. Við leit að leka á hættulegum lofttegundum, skal ætíð nota viðeigandi tæki.

## 8. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52, 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestast hérmeð til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 270, 10. júní 1975 og nr. 501, 26. nóvember 1979.

*Samgönguráðuneytið, 5. febrúar 1980.*

**Magnús H. Magnússon.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

28. febrúar 1980.

Nr. 155.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Sigurlaugar Jónasdóttur frá Ási í Vatnsdal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. febrúar 1979.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigurlaugar Jónasdóttur frá Ási í Vatnsdal.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigurlaugar Jónasdóttur frá Ási í Vatnsdal.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru eftirlátnar eignir hinnar látnu, svo og gjafir sem kunna að berast sjóðnum. Nettóeign skv. erfðafjárskrá sem sjóðnum hefir verið afhent er nú kr. 1 135 849

## 3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu og umsjá Kvenfélagsins í Áshreppi og skal hann ávaxtaður í útibúi Búnaðarbankans á Blönduósi, eða í annarri viðurkenndri lána-stofnun.

## 4. gr.

Fé úr sjóðnum skal varið til líknar og mannúðarmála, svo sem til hjálpar fötluðu fólki, sem þarf á fjárhagsaðstoð að halda.

Einnig til glaðningar til handa sjúkum og ellihrumum og fleira getur komið til greina, allt samkvæmt mati stjórnar sjóðsins á hverjum tíma.

Aldrei má úthluta meiru árlega en vöxtum af sjóðnum.

## 5. gr.

Leggist kaupfélag Áshrepps niður, eða hætti störfum, skal hreppsnefnd Áshrepps kjósa, að afstöðnum hverjum hreppsnefndarkosningum, þrjár konur búsettar í Áshreppi til þess að hafa umsjón og varðveislu sjóðsins með höndum, svo og úthlutun vaxta af honum.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Aðalheiðar Erlu Gunnarsdóttur, Syðra-Vallholti, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. febrúar 1980.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Minningarsjóð Aðalheiðar Erlu Gunnarsdóttur Syðra-Vallholti.**

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Aðalheiðar Erlu Gunnarsdóttur.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Aðalheiði Erlu Gunnarsdóttur, Syðra-Vallholti, sem lést þann 27. ágúst 1979, aðeins 12 ára gömul. Sjóðurinn er stofnaður af foreldrum hennar og systur, ættingjum og vinum, hinn 3. desember 1979, á dánardægrí afa hennar, Gunnars bónda Gunnarssonar, Syðra-Vallholti, sem lést þann 3. desember 1962.

## 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 630 000.00 — sexhundruð og þrjátíuþúsund krónur — auk gjafa og áheita, sem honum kunna að berast.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða.

## 4. gr.

Sjóðurinn veitir minningargjöfum viðtöku, sem og öðrum gjöfum, sem leggjast við höfuðstól sjóðsins sem stofnfé. Fastar tekjur sjóðsins eru árlegir vextir af höfuðstól.

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta á sem hagkvæmastan hátt, í verðtryggðum banka-reikningum, eða á hvern þann hátt, sem stjórn sjóðsins telur bestan á hverjum tíma.

## 5. gr.

Sjóðurinn skal hafa minningarkort á boðstólum, og eiga gjafabók, sem færa skal í allar gjafir sem honum berast, ásamt nafni og dagsetningu.